



Til þess að ná sem bestum árangri í heilsuefningu og forvörnum í skólastarfinu er mikilvægt að vera í samstarfi við lykilaðila í nærsamfélaginu.

Virkt samstarf milli skóla og annarra í nærsamfélaginu stuðlar að sameiginlegum skilningi á því sem er mikilvægt til heilsuefningar og velferðar, að lausnum helstu viðfangsefna og að leiðum til úrbóta og árangurs.

Til að átta sig á nærsamfélagi hvers skóla þarf fyrst að skoða hvaða stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök eru í skólahverfinu og síðan hvort viðkomandi sé þegar tengdur skólastarfinu og þá hvernig. Kortlagning samstarfsaðila í nærsamfélaginu gefur yfirsýn yfir stöðuna og hugsanleg sóknarfæri til nánara samstarfs. Samstarfsaðilar geta t.d. verið heilsugæsla, félagsmiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar, stoðþjónusta skóla, aðrir skólar, verslanir, íþróttafélög, íbúasamtök, elliheimili og lögreglan. Markmið samstarfsins er að samræma aðgerðir og móta sameiginlega sýn og stefnu um heilsuefningu.

Mikilvægt er að skólar byggi upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir.

Aðalnámskrá grunnskóla (7.9, 2011)

Viðmið

- Virkt samstarf er á milli skóla og nærsamfélagsins.
- Samræmi er milli áherslu skólans og lykilaðila í nærsamfélaginu.

Gátlisti

Í gátlistann á að skrá núverandi stöðu og forgangsröðun hvers atriðis. Skólinn getur nýtt sér þetta til þess að meta hvar hann sé staddur á viðkomandi sviði og þá í kjölfarið metið í hversu mikinn forgang þarf að setja ákveðin atriði. **Meta á forgang hvers atriðis miðað við þetta skólaár.** Þeir þættir sem ekki verða teknir fyrir á yfirstandandi skólaári eru ekki í forgangi og fá því 1 eða 3 í áætlun eftir því hvort þeir eru þegar komnir til framkvæmda eða ekki.

Núverandi staða:

1 = Að engu leyti komið til framkvæmda 2 = Að hluta til komið til framkvæmda 3 = Að fullu komið til framkvæmda

Áætlun á þessu ári:

1 = Verður ekki framkvæmt á þessu ári 2 = Verður framkvæmt á þessu ári 3 = Þegar komið til framkvæmda og verður viðhaldið

| Nærsamfélag | Núverandi staða | | | Áætlun á þessu ári | | |
|--|-----------------|---|---|--------------------|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 1 | 2 | 3 |
| Fulltrúi frá nærsamfélaginu á sæti í skólaráði og fær fræðslu um hlutverk sitt í skólaráði. | | | | | | |
| Skólinn hefur frumkvæði að myndun tengslanets með lykilaðilum úr nærsamfélaginu í heilsueflingar- og forvarnarskyni. | | | | | | |
| Skólinn tilnefnir sérstakan tengilið skólans við nærsamfélagið. | | | | | | |
| Skólinn nýtir sér þá aðstoð sem er í boði í nærsamfélaginu til þess að efla heilsu og líðan nemenda. | | | | | | |
| Skólinn hefur frumkvæði að reglulegum fundum með lykilaðilum nærsamfélagsins. | | | | | | |

Verkfærakistan – Nærsamfélag

Á heimasíðu Heilsueflandi grunnskóla sem er að finna á www.landlaeknir.is er skrá yfir efni og verkefni sem skólinn getur nýtt sér. Reglulega er bætt við nýju efni og ábendingar eru vel þegnar.

Meðal efni á vegum Embættis landlæknis:

Virkni í skólastarfi; Handbók um hreyfingu – kafli 8 um samstarf skóla, íþróttafélaga og sveitarfélaga bls. 91-102

Íþróttafélög og íþróttamannvirki – Framboð á matvöru

Annað efni:

Heilbrigði og velferð – grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum. Ritröð mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar um grunnþætti menntunar.